



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

Borgarnesi 24.02 2017

Alþingi

b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

### **Efni: Umsögn um frumvarp um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, 128 mál**

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) hafa fengið til umsagnar frá nefndasviði Alþingis frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi 128. mál.

#### **Almennt um frumvarpið**

Frá því á árinu 2012 hafa Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi séð um rekstur almenningssamgangna á Vesturlandi samkvæmt samningi við Vegagerðina. Því til viðbótar hefur SSV haldið utan um fleiri leiðir í Norðvesturkjördæmi og leið 57 Reykjavík-Akureyri. Kannanir sem gerðar hafa verið sýna mikla ánægju íbúa með leiðakerfið og ljóst að það hefur styrkt búsetuskilyrði á Vesturlandi. Sú staðreynd að á milli 150 og 160 þúsund farþegar nýti sér aksturinn árlega talar líka sínu máli.

Þrátt fyrir mikla notkun og ánægju íbúa með almenningssamgangnakerfið hefur reksturinn verið þungur og hafa landhlutasamtök sveitarfélaga í Norðvesturkjördæmi þurft að lána fjármagn til verkefnisins. Það er ljóst að rekstrarerfiðleika má að hluta rekja til óviðunandi lagaumhverfis sem hefur gert það að verkum að einkaréttur landshlutasamtaka á ákveðnum akstursleiðum, samkvæmt samningum við Vegagerðina, er ekki virtur. Þá hafa lögin engin úrræði til þess að bregðast við þegar aðrir aðilar keyra á leiðum landshlutasamtaka yfir sumartímann þegar farþegar eru flestir. Þetta hefur haft í för með sér að farþegatekjur hafa dregist saman yfir sumartímann, en tekjur af akstri yfir sumarið hafa gert það að verkum að hægt er að halda úti góðri þjónustu yfir vetrartímann þrátt fyrir mun færri farþega.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa líkt og önnur landshlutasamtök hvatt til þess að lögin um farþegaflutninga verði endurskoðuð og með ólíkindum hve lengi það hefur dregist að afgreiða þetta lagfrumvarp sem hefur verið í vinnslu frá 2012. Það hefur um langt skeið legið fyrir að mikil þörf er á umbótum til þess að skapa aukna réttarvernd einkaréttar á þeim leiðum sem landshlutasamtökin hafa samninga um. Hagsmunir SSV og sveitarfélaga á Vesturlandi eru því afar ríkir hvað þetta varðar.

## Frekari sjónarmið um einstaka greinar frumvarpsins.

Landshlutasamtökin hafa átt gott samstarf sín á milli varðandi rekstur almenningsgangna á landsbyggðinni, auk þess sem samstarf við Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur verið með ágætum og þessir aðilar hafa stillt saman strengi í umræðunni um þetta mál og viðbrögð við ofangreindu lagafrumvarpi. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi taka því heils hugar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um lagafrumvarp um farþega- og farmflutninga.

Sérstaklega tökum við undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögninni um einkarétt á almenningsgangum. Það er afar brýnt að ný lög séu afgerandi varðandi mörkin á milli almenningsgangna sem landshlutasamtök og sveitarfélög annast og annarra fólksflutninga. Því er mikilvægt að textinn sé skýr og tekið er undir þær breytingatillögur í umsögn sambandsins þar sem lagt er til að breyta orðalagi til að skýra texta enn frekar.

Jafnframt taka Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um 11 gr. varðandi það að óheppilegt sé að íþyngjandi álögur séu óljósar. Því er eindregið mælt með því að 2 mgr. 11 gr verði felld út úr lagatextanum, en þar segir „Samgöngustofu er heimilt að takmarka notkun strætisvagna utan þéttbýlis“.

Loks vilja Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi taka undir sjónarmið sem komið hafa fram í umsögnum annarra landshlutasamtaka að bætt verði við frumvarpið heimild Samgöngustofu til að leggja á aðila stjórnvaldssekt ef brotið er gegn einkarétti á akstursleiðum.

Virðingarfyllt



Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV